



Bæjarstjórn Garðabæjar 16. (968)/2025

Boðað er til 16. (968). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. nóvember 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2511006F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/11 '25.
2. 2511018F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/11 '25.

2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

2505510 - Bílastæðasjóður Garðabæjar
3. 2510019F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 13/10 '25.
4. 2511013F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 12/11 '25.
5. 2511012F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 13/11 '25.
6. 2511015F - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar frá 14/11 '25.
7. 2511010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 12/11 '25.
8. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/11 '25.
9. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 7/11 '25.
10. 2506043 - Kosning fulltrúa í fastanefndir

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
15. (967). fundur 2025

Fimmtudaginn 6. nóvember 2025 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Stella Stefánsdóttir varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Rakel Norðfjörð Vilhjálmssdóttir varabæjarfulltrúi og Arnar Hólm Einarsson varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 16. október 2025 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2510028F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/10 '25.

Almar Guðmundsson ræddi 10.tl., opnun tilboða í framkvæmdir við hringtorg Flóttamannavegar og Urriðaholtsstrætis.

Fundargerðin sem er 12. tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2510037F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/10 '25.

Almar Guðmundsson ræddi 6.tl., Ísafold - fjölgun hjúkrunarrýma.

Fundargerðin sem er 10. tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála.

2407142 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 (2025-2028) - Viðauki nr. 2.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2025 samkvæmt 2.mgr. 63.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 2

Velferðarsvið

Samtals er lagt til 103 m.kr. kostnaðarauka á Velferðarsviði sbr. neðangreinda sundurliðun.

02330 Vistgjöld vegna barnaverndar 70.000.000
02340 Úrræði á heimili v/barna, barnavernd 5.000.000
02150 Félagsleg heimaþjónusta 70.000.000
02564 Miðskógar sambýli fatlaðra 10.000.000
02568 Brekkuás íbúakjarni fatlað fólk 30.000.000
02415 Afsláttur fasteignagjalda -32.000.000
02567 Búsetuúrræði , sólarhringsþjónusta -50.000.000

Samtals kr. 103.000.000

Fræðslumál

Samtals er lagt til 167 m.kr. kostnaðarauka á Fræðslusviði sbr. neðangreinda sundurliðun.

04030 Niðurgreiðsla á skólamat 176.000.000

04030 Leikskóladeild Urriðaholtsskóla 40.000.000

04287 Frístund Urriðaholtsskóla 6.000.000

04290 Frístundaheimili önnur -55.000.000

Samtals kr. 167.000.000

Æskulýðs- og íþróttamál

Samtals er lagt til 31 m.kr. kostnaðarauka vegna æskulýðs- og íþróttamála sbr. neðangreinda sundurliðun.

06511 Orkukaup Ásgarðslaug 14.000.000

06271 Vinnuskóli laun 17.000.000

Samtals kr. 31.000.000

Hækkun lífeyrisskuldbindingar

Fyrir liggur útreikningur tryggingastærðfræðings á áætlaðri lífeyrisskuldbindingu Garðabæjar fyrir árin 2025 og 2026. Útreikningarnir gera ráð fyrir að gjaldfærsla vegna hækkunar verði á árinu 2025 490 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 450 m.kr. Áætlun fyrir árið 2026 gerir hins vegar ráð fyrir 390 m.kr.

Hækkun gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar 2025 40.000.000

Samtals kr. 40.000.000

Kostnaðarauki samtals 341.000.000

341.000.000

Fjármögnun

00010 Útsvar -203.000.000

00060 Fasteignaskattur -63.000.000

00100 Jöfnunarsjóður -68.000.000

00350 Lóðarleiga -7.000.000

Samtals -341.000.000

2510325 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Stekkholt 8 - Deiliskipulag.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 22. október 2025 varðandi breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður sem gerir ráð fyrir því að svalir á efri hæð nái 1 metra út fyrir byggingarreit að norðanverðu og að sunnanverðu. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að svalir nái 60 cm út fyrir byggingarreit. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður í samræmi við 2.mgr. 43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísaði henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum lóðanna Stekkholt 6, 10, 19 og 21 sem og Vorbraut 11 og 13.

2507428 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Ásgarður, dsk breyting, lýsing æfingavallar.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 22. október 2025 varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Ásgarðs að lokinni grenndarkynningu ásamt þeim athugasemdum sem bárust. Tillagan gerir ráð fyrir ljósamöstrum við æfingavöll norðan við keppnisvöll. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna óbreytta sem óverulega breytingu deiliskipulags Ásgarðs.

3. 2510041F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/11 '25.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 4.tl., greiningu á rekstri málaflokks faltaðs fólks í Garðabæ.

Fundargerðin sem er 8.tl. er samþykkt samhljóða.

2406836 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 22. október 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar sem gerir ráð fyrir fjölgun íbúða og aukningu á atvinnurými á lóðinni Garðatorg 1 (A). Einnig er gert ráð fyrir fjölgun fermetra á lóð 5a (H) þar sem gert verður ráð fyrir kjallara og 2.hæð að hluta. Hámarksfjöldi nýrra íbúða skal vera 40-45 íbúðir og gera skal ráð fyrir einu bílastæði í lokuðum bílakjallara og 0,7 bílastæði í opnum bílakjallara. Fyrir þá fermetra sem bætast við vegna atvinnurýma skal gera ráð fyrir 1 bílastæði á 35 fermetra í opnum bílakjallara. Ef sýnt verður fram á með rökstuðningi að samnýting bílastæða sé möguleg getur fjöldi fermetra atvinnurýma orðið allt að 50 á hvert bílastæði. Gera skal ráð fyrir byggingarreit fyrir stækkaðan bílakjallara á Garðatorgi. Hámarks hæðafjöldi fjölbýlishúss skal vera 5 hæðir til að koma í veg fyrir áhrif skuggavarps á nærliggjandi byggð. Bæta skal við 18 nýjum bílastæðum meðfram Vífilsstaðavegi í deiliskipulagi og skipulagsnefnd beinir því til Umhverfissviðs að útfærsla bílastæða framan við Garðatorg 5 og 7 sé löguð að gildandi deiliskipulagi og þar með fjölgað. Skipulagsnefnd beinir því þar að auki til umhverfissviðs að lögð verði fram áætlun um aðgerðir til þess að dreifa betur nýtingu bílastæða í Miðbæ Garðabæjar og létta á álagi um miðjan dag eins og samgöngumat hefur sýnt fram á að sé orðið töluvert. Byggingarreitur efstu hæðar syðsta hluta Garðatorgs 1 verði inndreginn að vestanverðu sem kemur í veg fyrir áhrif skuggavarps á Garðatorg 2. Fjöldi hæða þess hluta húss sem verður við hlið Hrismóa 2 getur orðið 4 hæðir en þó ekki herra en svo að komið sé í veg fyrir innsýn. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr. og 1.mgr.43.gr.skipulagslaga. Halda skal almannan kynningarfund á meðan á auglýsingu stendur.

1405080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Móar, endurskoðað deiliskipulag.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar frá fundi 22. október 2025 varðandi tillögu að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Móum. Tillagan er endurskoðun á því deiliskipulagi sem uppbygging svæðisins studdist við en bætt er við ýmsum ákvæðum sem lagar deiliskipulagið að þeim kröfum sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í samtímanum. Deiliskipulag þetta nær yfir göturnar Lyngmóa, Kjarmóa, Hrismóa og Kirkjulund 2 og 4, saman mynda þær Móa. Móarnir afmarkast við Lyngmóa til norðvesturs og norðurs, við Hofstaðabraut til austurs og við göturnar Hrismóa og Kirkjulund til suðurs. Tillagan gerir ráð fyrir því að gatan Hrismóar verði lokuð framan við Hrismóa 13 að vestanverðu og framan við Hrismóa 3 að austanverðu. Ný tenging komi frá Bæjarbraut norðan við Garðatorg 2 og þar yrði aðkoma að Miðbæ og að Hrismóum 1, 6, 8 og 10. Tillagan hefur verið forkynnt samhlíða tillögu að

breytingu deiliskipulags Miðbæjar og unnið hefur verið úr þeim ábendingum sem borist hafa. Skipulagsnefnd vísaði tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr. og 1.mgr.43.gr.skipulagslaga. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á auglýsingu stendur. Tillaga skal auglýst samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar.

4. 2510024F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 15/10 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl., Vinnuskóla Garðabæjar, 2.tl. Sumarnámskeið barna 2025, 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu og 4.9.tl. umsóknir um ferðastyrki íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 2.tl. sumarnámskeið barna 2025 og 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu.

Arnar Hólm Einarsson ræddi fundargerðina.

Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir ræddi 2.tl. sumarnámskeið barna 2025.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til mál að nýju og ræddi 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu og 2.tl. sumarnámskeið barna 2025.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu og fundargerðina.

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 2.tl. sumarnámskeið barna 2025 og fundargerðina.

Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. sumarnámskeið barna 2025 og fundargerðina.

Almar Guðmundsson ræddi 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu og fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2510018F - Fundargerð leikskólanefndar frá 15/10 '25.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 1.tl. heimsókn leikskólanefndar í Kirkjuból, 2.tl. beiðni um flutning á starfsdegi, 3.tl. Menntadag leik- og grunnskóla 2025 og 5.tl. lykiltölur í skólamálum.

Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir ræddi 5.tl. lykiltölur í skólamálum.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2510029F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 22/10 '25.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 1.tl. Menntadag leik- og grunnskóla 2025, 2.tl. viðurkenningar í skólastarfi, 3.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar, 4.tl. Þróunarsjóð grunnskóla 2026 og 5.tl. kynningu og samtal við skólastjórnendur Flataskóla.

Almar Guðmundsson ræddi 4.tl. Þróunarsjóð grunnskóla 2026.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 4.tl. Þróunarsjóð grunnskóla 2026.

Sigríður Hulda Jónsdóttir tók til máls að nýju og ræddi 4.tl. Þróunarsjóð grunnskóla 2026.

Guðfinnur Sigurvinnsson ræddi 4.tl. Þróunarsjóð grunnskóla 2026.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2510032F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 22/10 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2510026F - Fundargerð velferðarráðs frá 17/10 '25.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu, 2.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks, 3.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti og 7.tl. 50 ára afmæli Garðabæjar 2026.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu og 5.tl. sameiginlegan fund félagsmálanefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um málefni heimilislausra.

Arnar Hólm Einarsson ræddi 1.tl. miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu.

Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir ræddi 1.tl. miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2501538 - Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 27/10 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 20/10 '25.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. aðalfund SSH 2025.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2501405 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 8/9, 22/9 og 13/10 '25.

Gunnar Valur Gíslason ræddi fundargerð frá 22. september 2025, 2.tl. fjárhagsáætlun SORPU bs. fyrir árið 2026 og fundargerð frá 13. október 2025, 2.tl. endurvinnslu á pappír og pappa og 3.tl. undirbúningsfélag um byggingu hátækniþrennslu.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

12. 2502221 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 10/10 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. gjaldskrá 2026, 2.tl. sölutölur, 3.tl. öryggi í strætó, 4.tl. Borgarlínuverkefni og nýtt leiðarnet, 5.tl. áhrif breytinga á tímatöflu, 6.tl. leiðarkerfisbreytingar, 7.tl. forgangsáðgerðir, 8.tl. seinkanir, 9.tl. innra eftirlit og 10.tl. Suðurgötu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 3.tl. öryggi í strætó.

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 4.tl. Borgarlínuverkefni og nýtt leiðarnet og 7.tl. forgangsaðgerðir.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 3.tl. öryggi í strætó og fundargerðina.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina og 3.tl. öryggi í strætó.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2502040 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 15/10 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026-2029) - fyrri umræða.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, fylgdi úr hlaði frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2026-2029. Bæjarstjóri lagði fram drög að greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar. Bæjarstjóri lagði til að frumvarpinu verði vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar 2026 (2026-2029) vill Garðabæjarlistinn leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

Öll börn eiga að geta stundað skipulagt íþrótta-, æskulýðs- eða tómstundastarf, óháð efnahag heimilis. Garðabæjarlistinn mun leggja til á milli umræðna að hvatapeningar verði hækkaðir myndarlega. Við leggjum til að þeir verði 75 þúsund krónur á barn og að haldið verði í 15 þúsund króna viðbótarhvatapeninga fyrir þau heimili sem eru undir tekjuviðmiðum.

Við eigum öll að geta komið okkur upp öruggu heimili og aukinnar fjölbreytni er þörf á búsetukostum í Garðabæ. Garðabæjarlistinn mun beita sér fyrir því að meira fjármagn verði lagt í kaup á félagslegum leiguíbúðum og í stofnframlög til bygginga á almennum íbúðum, t.a.m. leiguíbúðum fyrir tekjulægri fjölskyldur á vegum stéttarfélaga.

Garðabæjarlistinn mun auk þess leggja gegn gjaldskrárhækkunum á leikskólagjöld og fæðisgjald í leikskóla, þar sem við teljum að leikskólagjöld hafi verið of há í Garðabæ til lengri tíma og erum fylgjandi lögfestu og gjaldfrjálsu leikskólastigi.

Allt eru þetta aðgerðir sem skipta máli fyrir íbúa í Garðabæ, en eru ekki af stærðargráðu sem krefst mikilla fórna á öðrum sviðum rekstrar. Forgangsöröðun er hér lykilatriði. Við hlökkum til samtalsins milli umræðna."

Gunnar Valur Gíslason tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2026 og þrjú næstu ár endurspeglar trausta stjórn fjármála bæjarins. Þrátt fyrir ákveðna óvissu í íslensku efnahagslífi um þessar mundir er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs fyrir árið 2026 verði jákvæð um tæpar 600 milljónir króna og veltufé frá rekstri verði um 2.500 milljónir króna.

Þá er í útkomuspá 2025 og í áætlun tímabilsins 2026-2029 gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun skuldahlutfalla bæjarsjóðs frá árinu 2024.

Á milli umræðna um fjárhagsáætlun munum við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, áfram leggja áherslu á lágar skattaálgömur, fjárhagslegt aðhald og rekstrarhagræðingu, en einnig markvissa sókn í mikilvægum málaflokkum sem snerta unga sem eldri íbúa Garðabæjar. Mikilvægt er að viðhalda hagkvæmni í rekstri með stöðugri hagræðingu og laga rekstur bæjarsjóðs Garðabæjar þannig að krefjandi efnahagsaðstæðum í þjóðfélaginu."

Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Framsókn mun leggja áherslu á hækkun hvatapeninga svo að öll börn geti stundað íþróttir óháð efnahag."

Samkvæmt frumvarpinu eru niðurstöður A og B hluta þessar (í þúsundum króna):

2026 2027 2028 2029

Tekjur: 36.677.235 38.454.757 40.393.977 42.583.334

Gjöld: 32.299.443 33.894.967 35.459.737 37.219.484

Rnst. f. afskr. 4.377.791 4.559.790 4.934.240 5.263.850

Rnst. án fmst/gj 2.339.376 2.422.687 2.643.876 2.929.964

Afskriftir 2.038.416 2.137.103 2.290.364 2.433.885

Fmt/gj 1.747.800 1.591.865 1.641.904 1.690.177

Rekstrarniðurstaða 594.811 834.058 1.005.208 1.243.024

Framkvæmdir 4.904.000 4.343.000 4.500.000 4.929.000

Bæjarstjórn samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2026-2029 til síðari umræðu í bæjarstjórn og frekari vinnslu í bæjarráði.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. nóvember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir, (sign)
Arnar Hólm Einarsson, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 6. nóvember 2025 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir

Þórunn Elfríð

Guðrún Elfríð

Þórunn Elfríð

Rakel N. Vilhjálmsson

Stella Sturla

Harður Bragi Guðfríðsson

Árni Hilmir Einarsson

Sigr. Huld. Jónsdóttir

Guðrún Elfríð

Þórunn Elfríð

Bæjarráð Garðabæjar
41. (2189). fundur 2025

Þriðjudaginn 11. nóvember 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2506155 - 50 ára afmæli Garðabæjar 2026

Lagðar fram til kynningar tillögur afmælisnefndar Garðabæjar vegna 50 ára kaupstaðarafmælis Garðabæjar 2026. Verkefni afmælisnefndar og verkefnahóps var að undirbúa afmælisárið og leggja fram drög að dagskrá afmælisársins. Lagði afmælisnefndin upp úr því að virkja samfélagið (íbúa, stofnanir, skóla, félagasamtök fyrirtæki o.s.frv.) til að taka þátt í dagskrá afmælisársins og/eða tengja hefðbundna viðburði í bænum afmælisárinu.

Bæjarráð þakkar afmælisnefndinni góða vinnu. Bæjarráð samþykkir tillögu afmælisnefndar að skipað verði framkvæmdaráð til að útfæra nánar dagskrá afmælisársins og hafa umsjón með framkvæmd einstakra dagskrárliða. Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra til frekari úrvinnslu.

2. 2008212 - Miðskógar 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guðjóni Ágústi Sigurðssyni, kt. 150854-4749, leyfi fyrir viðbyggingu að Miðskógum 7.

3. 2511091 - Hönnun - Útboð - Gervigras.

Lögð fram útboðs- og verklýsing vegna endurnýjunar þriggja gervigrasvalla á Ásgarðssvæðinu. Fyrsti áfangi snýr að útskiptingu á núverandi gervigrasi á Samsung vellinum á næsta ári. Næsti áfangi snýr að því að koma á gervigrasi á fyrirhugaðan æfingavöll við Flataskóla sem á að fara í framkvæmd á næsta ári.

Þriðji og síðasti áfangi snýr að því að skipta út grasinu á núverandi æfingavelli sem snýr að Stekkjarflöt.

Bæjarráð samþykkir framlagða útboðs- og verklýsingu og vísar málinu til úrvinnslu á umhverfissviði.

4. 2505510 - Bílastæðasjóður Garðabæjar

Lagt fram minnisblað um Bílastæðasjóð Garðabæjar - rekstur og umfang, ásamt drögum að samþykktum fyrir Bílastæðasjóð Garðabæjar.

Þörf hefur verið talin á að stofna slíkan sjóð þar sem á mörgum stöðum í bænum er bifreiðum lagt ólöglega. Slíkt getur skapað hættu fyrir gangandi og akandi vegfarendur, tafið snjómokstur,

viðhald og för sjúka- og slökkvibífreidda. Þá ber einnig á því að skammtímastæði á bílastæðum í Garðabæ eru notuð sem langtíma geymslur fyrir bifreiðar og aftanívagna.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði settur upp sem B-hluta fyrirtæki og að daglegur rekstur og mannaforráð fyrir sjóðinn verði í verkahring umhverfissviðs en að fjármála- og stjórnsýslusvið sjá um innheimtu gjalda/sekta og afgreiði andmæli vegna þeirra.

Bæjarráð felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs nánari úrvinnslu málsins og stefnt er að því að uppfærð drög að samþykktum Bílastæðasjóðs Garðabæjar verði lögð fyrir bæjarráð til afgreiðslu í nóvember.

5. **2511072 - Bréf Lionsklúbbs Álftaness varðandi húsnæði fyrir skótuveislu á Þorláksmessu, dags. 03.11.25.**

Lögð fram umsókn Lionsklúbbs Álftaness um tækifærisleyfi til áfengisveitinga í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi í tilefni af skótuveislu á Þorláksmessu 23. desember 2025. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

6. **2511073 - Bréf Lionsklúbbs Álftaness varðandi afnot af húsnæði fyrir Þorablót Kvenfélags og Lionsklúbbs Álftaness 2026, dags. 03.11.25.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.

7. **2511071 - Erindi Siglingaklúbbsins Vogs varðandi rekstraraðstoð, dags. 03.11.25.**

Í bréfinu er óskað eftir stuðningi Garðabæjar við rekstrarstuðningi við Siglingaklúbbinn Vog. Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026.

8. **2506683 - Endurskoðuð gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands.**

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn eiga öll sveitarfélög að bera kostnað af langtíma vörslu skjala sinna. Með lögum nr. 108/2024 var lögum um opinber skjalasöfn breytt og heimildir Þjóðskjalasafns til gjaldtöku af sveitarfélögum sem ekki reka héraðsskjalasafn og eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns gerðar skýrari.

Lögð fram drög að endurskoðaðri gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands, sem gerir ráð fyrir að gjald fyrir ráðgjöf og eftirlit verði kr. 343 á hvern íbúa. Samtals er þannig gert ráð fyrir að framlag Garðabæjar verði kr. 6.899.788.

Bæjarráð vísar erindinu til nánari skoðunar hjá sviðsstjórum fjármála- og stjórnsýslusviðs og þjónustu- og þróunarsviðs, þar sem kallað verði eftir nánari upplýsingum um hækkanir sem boðaðar eru í gjaldskránni og í hverju boðuð þjónusta til Garðabæjar fyrir ráðgjöf og eftirlit á að vera fólgin.

9. **2511151 - Erindi SSH til Alþingis um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, dags. 10.11.25.**

Lagt fram erindi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna áskorunar til Alþingis vegna frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem er sameiginleg áskorun allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Bæjarráð tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfinu og ítrekar mikilvægi þess að ríkið vinni sérstakt kostnaðarmat um áhrif lagasetningarinnar, sbr. 129.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 11. nóvember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
42. (2190). fundur 2025

Þriðjudaginn 18. nóvember 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheytnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 (2026 - 2029)

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningu útsvars:

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 14,71% á tekjur manna á árinu 2026 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24.gr. laganna.

Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2025, samkvæmt 2.mgr. 24.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995."

Bæjarráð vísar tillögunni til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Lagt fram yfirlit yfir ábendingar sem borist hafa frá íbúum varðandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Lagt fram yfirlit yfir mál sem hefur verið vísað til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Farið var yfir helstu atriði og dagsetningar varðandi vinnu við fjárhagsáætlun fram að seinni umræðu í bæjarstjórn, sem fyrirhuguð er 4. desember nk.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri, sat fundinn undir þessum lið.

2. 2511168 - Endurnýjun samnings um samræmda móttöku flóttafólks 2026 - Drög að viðauka.

Lögð fram drög að viðauka III við þjónustusamning milli félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, Vinnumálastofnunar og Garðabæjar um samræmda móttöku flóttafólks.

Bæjarráð vísar málinu til skoðunar hjá velferðarsviði og til umfjöllunar hjá velferðarráði.

3. 2505510 - Bílastæðasjóður Garðabæjar

Lagðar fram samþykktir fyrir bílastæðasjóð Garðabæjar.

Þörf hefur verið talin á að stofna slíkan sjóð þar sem á mörgum stöðum í bænum er bifreiðum lagt

ólöglega. Slíkt getur skapað hættu fyrir gangandi og akandi vegfarendur, tafið snjómokstur, viðhald og för sjúka- og slökkvibífreiða. Þá ber einnig á því að skammtímastæði á bílastæðum í Garðabæ eru notuð sem langtíma geymslur fyrir bifreiðar og aftanívagna.

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn verði settur upp sem B-hluta fyrirtæki og að daglegur rekstur og mannaforráð fyrir sjóðinn verði í verkahring umhverfissviðs en að fjármála- og stjórnsýslusvið sjá um innheimtu gjalda/sekta og afgreiði andmæli vegna þeirra.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að staðfesta samþykktir um bílastæðasjóð Garðabæjar.

4. 2511220 - Erindi UMFÍ um áskoranir og hvatningar til ríkis og sveitarfélaga, dags. 13.11.25.

Lögð fram áskorun og hvatning frá 54. Sambandsþingi Ungmennafélags Íslands, þar sem skorað er á ríki og sveitarfélög að efla lýðheilsu þjóðarinnar með því að hrinda af stað þjóðarátaki í lýðheilsu og forvörnum, þar sem kraftar íþróttar- og ungmennahreyfingarinnar verða nýttir til fulls.

5. 2511230 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulög, 229. mál., dags. 13.11.25.

Lagt fram.

6. 2511237 - Erindi Alþingis varðandi breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 237. mál., dags. 13.11.25.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 18. nóvember 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

Stjórn Hönnunarsafns Íslands
03. fundur 2025

Mánudaginn 13. október 2025 kl. 15:30 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Vera Rut Ragnarsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Hvorki Guðlaugur né varamaður hans komst á fundinn. Ólöf Breiðfjörð var erlendis.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2504003HO - Rekstur 2025

Rekstur er tæplega 5% yfir áætlun. Öllu hefur verið haldið í lágmarki á árinu til þess að koma til móts við 10m kr. niðurskurðarkröfu bæjarins. Helstu kostnaðarliðir eru fastur kostnaður leiga og laun.

2. 2510001HO - Fjárhagsáætlun 2026

Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir 2026 og hún samþykkt. Launatölur eru ekki komnar inn þannig að heildarkostnaður með launum er ekki ljós.

3. 2504004HO - Aðsóknartölur 2025

Heildaraðsókn frá jan - sept 2025 eru 7220 gestir. Heildaraðsókn allt árið 2024 voru 9553 gestir.

4. 2411001HO - Dagatal 2025

Farið yfir haustdagskrá og hugað að næstu skrefum og áherslum. Næsti fundur verður tileinkaður þessum áherslum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

44. fundur 2025

Miðvikudaginn 12. nóvember 2025 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2511152 - Íþróttafólk ársins 2025 - Íþróttahátíð Garðabæjar jan 26

ÍTG samþykkti að halda íþróttahátíð Garðabæjar 11.janúar 2026 vegna kjörs á íþróttafólki Garðabæjar 2025. Í tilefni afmælisárs Garðabæjar árið 2026 verður öllu íþróttafólki sem hlotið hefur titilinn íþróttamaður Garðabæjar frá upphafi, boðið til hátíðarinnar. Auglýst verður eftir tilnefningum frá almenningi og íþróttafélögum til 3. desember. ÍTG velur síðan úr tilnefningum hvaða einstaklingar taka þátt í kjörinu.

2. 2511167 - Þarfagreining um íþróttasvæði í og við Miðgarð

Formanni ÍTG hefur verið falið ásamt fræðslu- og frístundasviði bæjarins að gera þarfagreiningu fyrir íþróttamannvirki á Miðgarðssvæðinu út frá samþykktu deiliskipulagi svæðisins. Deiliskipulag gerir ráð fyrir 41.000 fermetra reit fyrir íþróttamannvirki, þ.e. íþróttahús og stúkubyggingar. Markmið er að skilgreina þörf íþróttta-, tómstunda- og skólastarfs og umfang íþróttahúss og tengdra mannvirkja miðað við framtíðarþróun svæðisins. Góðar umræður urðu um málið.

3. 2008582 - Ungmennahús undirbúningsvinna

ÍTG fór í heimsókn í húsnæði Ungmennahúss sem nú er að verða tilbúið á Garðatorgi við hlið Gróskusalarins. Mikil ánægja er með hvernig til hefur tekist við að laga húsnæðið til. Fulltrúar Ungmennaráðs hafa lagt mikla vinnu í það verk ásamt starfsfólki. Reiknað er með að opna formlega á næstunni þegar lokið hefur verið öllum úttektum.

4. 2511137 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Freyju Örkvagna HM í dansi í London 4.10.2025

5. 2511136 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Freyju Örk Sigurðardóttur vegna EM í dansi í Danmörku 4.7.2025.

6. 2511069 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Birgi Hólm Þrastarsonar vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

7. 2511051 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Brynjar Sveinn A. Björgvinsson vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 06.11.2025.

8. 2511046 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Lilju Karítas Sigurðardóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 06.11.2025.

9. 2511032 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Kevin Niklas Rickard Iversen fyrir NM í Hópfirmleikum Mix lið, Finnlandi 6.11.2025.

10. 2511028 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Guðmund Stein Markússon fyrir NM í Hópfirmleikum Mix lið, Finnlandi 6.11.2025.

11. 2511013 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Markús Pálsson vegna NM mix liða í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

12. 2511008 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Örn Frosta Katrínarson vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

13. 2511001 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Bryndísi Láru Guðlaugsdóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

14. 2510297 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Sögu Áskelsdóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

15. 2510293 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Jóhann Gunnar Finnsson vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

16. 2510255 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Sunnu Björk Hákonardóttur vegna NM í hópfirmleikum í Finnlandi 6.11.2025.

17. 2510230 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 fyrir Eyjólf Guðgeirsson vegna UCI GRAVEL WORLDCHAMPIONSHIP 2025 á vegum HjólfreiðasambandsÍslands 8.10-13.10.2025

18. 2511169 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.0000 fyrir Evu Bjarkey Þorsteinsdóttur vegna NM í hópímleikum í Finnlandi 6.11.2025.

19. 2511185 - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.0000 fyrir Tinnu Sif Teitsdóttur vegna NM í hópímleikum í Finnlandi 6.11.2025.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
16. fundur 2025

Fimmtudaginn 13. nóvember 2025 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheymarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Vegna tæknilegra örðugleika lá fundargátt Garðabæjar niðri sólarhring fyrir fund sem hafði áhrif á möguleika fundarmanna til að kynna sér fundargögn. Af þeirri ástæðu var ákveðið að kynningar færum fram á fundinum en öðrum fundarliðum á útsendri dagskrá frestað fram á næsta fund sem hefur verið boðaður 21. nóvember nk.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2506360 - Urriðaholt - Háholt

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir ráðgjafi hjá EFLU kynnti fyrir hönd Urriðaholts ehf niðurstöðu í lokaðri samkeppni myndlistarmanna um listaverk á háholti Urriðaholts. Andri Gunnar Lyngberg arkitekt kynnti hugmyndir arkitektastofanna Trípoli og Krads um skipulag á háholti Urriðaholts sem urðu hlutskarpastar í lokaðri arkitektasamkeppni fyrr á vegur Urriðaholts ehf. Þær hugmyndir kalla á deiliskipulagsferli og í undirbúningi er umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

2. 2510434 - Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040, nr. 1446/2025 -Lýsing

Stefán Thors aðalskipulagsráðgjafi hjá VSÓ gerðu grein fyrir tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem hefur verið vísað til forkynningar. Afgreiðslu málsins frestað.

3. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og er í samræmi við framlagða tillögu að deiliskipulagi Garðahverfis. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir innihaldi tillögunnar. Afgreiðslu málsins frestað.

4. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir innihaldi tillögunnar. Afgreiðslu málsins frestað.

5. 2501011 - Garðprýði 1 - Deiliskipulagsbreyting

Máli frestað.

6. 2511026 - Urriðaholtsstræti 3 - Bílastæði í kjallara

Máli frestað.

7. **2510260 - Sunnakur 5 - Fyrirspurn til umhverfissviðs**
Máli frestað.
8. **2504023 - Stekkholt 6 - Umsókn um byggingarleyfi**
Máli frestað.
9. **2409217 - Stekkholt 22 - Umsókn um byggingarleyfi**
Máli frestað.
10. **2510026 - Kaupún 6 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Máli frestað.
11. **2506035 - Vesturhraun 3 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**
Máli frestað.
12. **2407389 - Auglýsingaskilti í Garðabæ - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**
Máli frestað.
13. **2510379 - Nónhæð. Nónsmári 1-17. , nr. 1431/2025: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)**
Máli frestað.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar
11. fundur 2025

Föstudaginn 14. nóvember 2025 kl. 08:15 kom skólanefnd Tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Lilja Lind Pálsdóttir formaður, Sigrún Antonsdóttir aðalmaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir varamaður, Laufey Ólafsdóttir skólastjóri og Edda Björg Sigurðardóttir deildarstjóri skóladeildar.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri.

Einnig sat fundinn Gunnar Hrafn Gunnarsson, verkefnastjóri tækni- og tómstundamála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2503035 - Kynning á verkefninu Barnvænt samfélag.

Gunnar Hrafn Gunnarsson verkefnastjóri tækni- og tómstundamála hjá Garðabæ kynnti verkefnið og fór yfir helstu þætti þess.

2. 2503035 - Farið yfir stöðu varðandi stækkun Tónlistarskólans.

Skólastjóri kynnti stöðuna á hönnunarferlinu og lagði fram teikningar að viðbyggingunni.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
30 (22-26). fundur 2025

Miðvikudaginn 12. nóvember 2025 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Greta Ósk Óskarsdóttir aðalmaður, Eyþór Eðvarðsson aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2502419 - Mengunarmælingar 2025

Mengunarmælingar lagðar fram og ræddar. Egill Daði Gíslason, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda kynnti stöðu fráveitumála í Garðabæ og fór yfir stöðu framkvæmda á vegum bæjarins tengda því. Framtíðaruppbygging fráveitumála á Álftanesi rædd og kynnt sem byggir að stórum hluta af því að afleggja rotþrær og tengja við lokað fráveitukerfi bæjarins. Fyrir liggur viljayfirlýsing milli Veitna og Garðabæjar að koma fráveitu inn í Skerjafjarðarveitu með tilkomu dælustöðvar á Norðurnesi. Hafin hefur verið innleiðing á breyttu fyrirkomulagi umsóknar um heimaæðar þar sem uppbyggingaraðila er skylt að sýna fram á rétta tengingu fráveitu og regnvatnslagna. Þetta er gert til að tryggja að rangtengingar verði ekki í nýjum hverfum.

2. 2510431 - Útikennsla í friðlandi Vífilsstaðavatns 2025

Lagt fram minnisblað Bjarna Jónssonar, fiskifræðings varðandi árlegrar útikennslu í friðlandi Vífilsstaðavatns. Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur síðan árið 1999 boðið nemendum í 6. bekk grunnskóla bæjarins upp á útikennslu um lífríki Vífilsstaðavatns. Kennslan við vatnið er liður í náttúrufræðikennslu skólanna og hefur Bjarni Jónsson séð um útikennsluna öll árin, honum til aðstoðar er starfsfólk garðyrkjudeildar.

3. 1812078 - Rannsókn á lífríki Vífilsstaðavatns

Umhverfisnefnd telur mjög mikilvægt að gerð verði rannsókn á lífríki Vífilsstaðarvatns. Umhverfisnefnd Garðabæjar lét rannsaka lífríki Vífilsstaðavatns sumarið 1998 og fiskistofna vatnsins haustið 1999. Með nýjum rannsóknarniðurstöðum er hægt að rýna núverandi stöðu vatnsins og meta þörfina á úrbótum. Umhverfisnefnd samþykkir að gerð verði rannsókn á lífríki og fiskistofnum í Vífilsstaðavatni og óskað verði eftir rannsóknarleyfi til Náttúruverndarstofnunar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**617. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. nóvember 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar tók sæti á fundinum og tók við stjórn hans.

1. Meðferðarúrræði fyrir börn - 2510010

Forstjóri Barna- og fjölskyldustofu og fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytisins kynna stöðu mála varðandi meðferðarúrræði fyrir börn.

Gestir

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir skrifstofustjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Ólöf Ásta Farestveit forstjóri Barna- og fjölskyldustofu

Niðurstaða:

Umræður

2. Viðbragsteymi vegna ofbeldis meðal barna - 2510016

Sviðsstjórar velferðarsviða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sóttu, undir forystu Reykjavíkurborgar, um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna stofnsetningar miðlægs bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu. Fallist hefur verið á að veita styrk að fjárhæð 240.727.235 kr., og er honum ætlað að nýtast til launagreiðsla og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf.

Rannveig Einarsdóttir, formaður samráðshóps á sviði velferðarmála og sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg, og Margrét Edda Yngvadóttir, sérfræðingur á farsældarsviði Barna- og fjölskyldustofu, kynna verkefnið og tillögur að fyrirkomulagi þessa samstarfs.

Gestir

Margrét Edda Yngvadóttir sérfræðingur á farsældarsviði Barna- og fjölskyldustofu

Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og umræðu. Skrifstofu SSH er falið að taka þátt í nánari útfærslu og samningagerð í tengslum við ofangreint verkefni í samvinnu við samráðshóp á sviði velferðarmála.

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps fór af fundi.

3. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Fyrirliggjandi eru drög að starfs- og fjárhagsáætlun SSH vegna ársins 2026 en þau verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 1. nóvember nk. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun ársins 2026 sem verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 14. nóvember nk.

4. Aðalfundur SSH 2025 - 2509001

Framhald umræðna frá 616. fundi um dagskrá og fyrirkomulag aðalfundar SSH en hann fer fram í Garðabæ 14. nóvember nk. en fyrirliggjandi eru drög að dagskrá fundarins.

Niðurstaða:

Umræður. Framkvæmdastjóra er falið að fullgera dagskrá fundarins til samræmis við umræður fundarins.

5. Forkönnun á sameiginlegum innkaupavef sveitarfél. innan SSH - Sóknaráætlun 2024 - 2404005

Fyrirliggjandi er tillaga um áherslubreytingu við áframhald vinnu að ofangreindu verkefni og að stofnaður verði samráðsvettvangur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er lýtur að innkaupamálum. Sveitarfélögin tilnefni sína fulltrúa í samráðsvettvanginn. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2025 - 2507006

Unnið hefur verið að kortlagningu tækifæra er snýr að nýtingu gervigreindar í starfsemi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og niðurstöður þeirrar skoðunar hafa verið kynntar. Fyrirliggjandi er tillaga að framhaldsverkefni á sviði gervigreindar sem snýr að því að vinna áfram að verkefninu á grundvelli þeirra tillagna sem nú liggja fyrir. Framkvæmdastjóri kynnir.

Niðurstaða:

Samþykkt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka leggja tillöguna fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Í framhaldi þess er framkvæmdastjóra falið að koma umræddu verkefni af stað og ganga frá og undirrita samninga vegna þess eftir því sem við á.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

7. Almyrkvi á sólu 12.08.2026 - 2504002

Fyrirliggjandi eru drög að aðgerðaáætlun um almyrkva á höfuðborgarsvæðinu 12. ágúst 2026 en aðgerðarhópur sveitarfélaganna og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna almyrkvans er nú að störfum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að að vekja athygli á málinu gagnvart ríkinu og þeim ráðuneytum sem um ræðir.

8. Meðferðarúrræði fyrir mæður - 2510006

Fyrirliggjandi til kynningar er tölvupóstur Guðfinnu Ingjaldsdóttur dags. 15. september 2025 þar sem fram koma tillögur um meðferðarúrræði fyrir mæður. Beiðni um stuðning við fyrirhugað verkefni hefur þegar verið send sveitarfélögunum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og vísað til kynningar samráðshóps velferðarmála.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**141. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 7. nóvember 2025
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Baldur Ólafur Svavarsson, Elís Guðmundsson, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Hákon Jónsson, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Kjartan Magnússon, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson, Hjálmar Sveinsson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði. Orri Björnsson tók þátt í gegnum fjárfundarbúnað.

Dagskrá:

1. RVK Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat - 2309014

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 14. október 2025 varðandi drög að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem varða hönnun og útfærslu Sundabrautar.

Samhliða er í kynningu umhverfismatsskýrsla framkvæmdarinnar ásamt fylgigögnum.

Gestir

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags Reykjavíkurborgar. -

Haraldur Sigurðsson kynnti drög að breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur og drög að umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar. Að kynningu lokinni svaraði Haraldur spurningum.

Þar sem hér er um stórar framkvæmdir að ræða og gögnin sem í kynningu eru í skipulagsgáttinni, eru bæði umfangsmikil og flókin, lagði svæðisskipulagsstjóri til að fengnir yrðu óháðir samgöngusérfræðingar til að rýna gögn og vinna minnisblað fyrir nefndina. Gögnin væru rýnd með áherslu á áhrif framkvæmdarinnar og skipulagsáætlana á umferð, umferðaraukningu, dreifingu umferðar og dreifingu milli ferðamáta. Þar að auki væri áhersla á mögulegar mótvægisáðgerðir og aðrar áðgerðir sem ráðast mætti í til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á höfuðborgarsvæðið. Niðurstöðunum yrði skilað sem minnisblaði.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að skrifa drög að umsögnum nefndarinnar og leggja fyrir nefndina á næsta fundi nefndarinnar þann 28. nóvember næstkomandi.

Tillaga svæðisskipulagsstjóra var samþykkt samhljóða.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2023-2040 - Nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðar 2025-2040 vinnslutillaga - 2312001

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Hafnarfirði úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 27. október 2025 varðandi vinnslutillögu nýs aðalskipulags Hafnarfjarðar 2025-2040.

Kynningartími málsins er til 24. nóvember næstkomandi. Svæðisskipulagsstjóri hefur fengið frest þar til eftir 142. fund nefndarinnar, sem áætlaður er þann 28. nóvember.

Gestir

Stefán Gunnar Thors, VSÓ -

Stefán Gunnar Thors ráðgjafi kom á fund nefndarinnar, kynnti vinnslutillöguna og svaraði spurningum.

3. MOS Borgarlína í Blikastaðalandi - deiliskipulag, skipulagslýsing - 2510009

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Mosfellsbæ úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, dags. 21. október 2025, vegna ofangreinds. Um er að ræða skipulagslýsingu vegna deiliskipulags Borgarlínu í landi Blikastaða.

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða. Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögnina.

4. MOS Miðsvæði Mosfellsbæjar 116-M og Bjarkarholt 1, 2 og 3-Aðal- og deiliskipulagsbreytingar - 2205008

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Mosfellsbæ úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 21. október 2025 vegna ofangreinds. Um er að ræða skipulagslýsingu um áætlaða breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi við Bjarkarholt og á miðsvæði. Markmiðið er að fjölga íbúðum og auka byggingarmagn.

Til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða. Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögnina.

5. Uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar - 2202019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi til umsagnar þingsályktunartillögu 87. mál, Hjólaleið milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja, þann 21. október 2025. Frestur til að senda inn umsögn var til og með 4. nóvember sl.

Uppbygging hjólaleiðar milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar hefur áður verið á dagskrá nefndarinnar, síðast fóru fram umræður á 140. fundi þann 12. september sl.

Skipaður var vinnuhópur í framhaldi af því að sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborg hafði óskað eftir því að hafnar yrðu viðræður um mögulegt samstarf á vettvangi SSH og Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) um uppbyggingu á hjólaleið milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Í vinnuhópnum var, meðal annara, þáverandi svæðisskipulagsstjóri. Vinnuhópurinn



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

skilaði greinagerð í ágúst 2023 og var hún kynnt fyrir nefndinni á 120. fundi hennar þann 13. október 2023.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins leggur fram eftirfarandi bókun:

„Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins fagnar framkominni tillögu á Alþingi um hjólaleið milli höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja. Slík leið verður mikil samgöngubót milli þéttbýlustu staða landsins. Enginn vafi er á að hún verði fjölfarin, að minnsta kosti hluta ársins. Reiðhjól eru að verða sífellt vinsælli samgöngukostur ekki síst með tilkomu æ fullkomnari rafhjóla. Svæðisskipulagsnefnd telur því mikilvægt að tryggður sé öruggur leiðarvalkostur fyrir hjólandi vegfarendur milli svæðanna.

Svæðisskipulagsnefnd vekur athygli á því að svæðisskipulagsnefndir höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja heldu sameiginlegan fund á Ásbrú í Reykjanesbæ, föstudaginn 12. maí 2023. Þar samþykktu nefndirnar ályktun um greiðar, vistvænar og öruggar samgöngur milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Í ályktuninni hvetja nefndirnar ríkistjórnina að beita sér fyrir bættum samgöngum milli svæðanna fyrir alla ferðamáta og að lokið verði við að leggja og merkja öruggar hjólaleiðir milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins telur mikilvægt að ríkið leggi sitt af mörkum svo þessi hjólaleið verði að veruleika áður langt um líður."

6. VÍN Skipulag skógræktar - 2506003

Samtökum sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu barst þann 5. júní sl. bréf frá Vinum íslenskrar náttúru, skammstafað VÍN, um leiðbeiningar um val á landi til skógræktar.

Lagt fram til kynningar

7. Fagráð SSH - fundir - 2204005

Fyrirliggjandi til kynningar eru:

Fundargerð 42. fundar fagráðs SSH dags. 11. júní 2025.

Fundargerð 43. fundar fagráðs SSH dags. 10. september 2025.

Fundargerð 44. fundar fagráðs SSH dags. 8. október 2025.

Lagt fram til kynningar

8. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Í samræmi við áherslur nefndarinnar, sem voru samþykktar á 110. fundi er stefnt að því að heimsækja sveitarfélög að vori og hausti og fræðast um helstu skipulagsverkefni sem þar eru fyrirhuguð. Samþykkt var á 140. fundi nefndarinnar þann 12. september að Seltjarnarnesbær yrði heimsóttur í nóvember 2025. Ekki gekk eftir að heimsækja Seltjarnarnes á þessum tíma.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóra sé falið að finna dagsetningu fyrir heimsókn nefndarinnar í samræmi við starfsáætlun nefndarinnar, sem samþykkt var á 140. fundi nefndarinnar þann 12. september sl., og í samráði við Seltjarnarnesbæ.

Samþykkt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

9. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Í kynningu í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar eru efnismikil mál.

-Umhverfismatsskýrsla Sundabrautar. Kynningartími til 30. nóvember 2025.

- Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík. Drög að aðalskipulagsbreytingu og umhverfismati áætlana. Kynningartími er til 30. nóvember 2025.

-Aðalskipulag Hafnarfjarðar, vinnslutillaga. Kynningartími er til 24. nóvember 2025.

Svæðisskipulagsstjóri hefur fengið staðfest frá skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar að mögulegt sé fyrir nefndina að skila inn umsögn sinni vegna vinnslutillögu aðalskipulags Hafnarfjarðar nokkrum dögum eftir umsagnarfrestinn þann 24. nóvember 2025. Ekki er hægt að veita lengri frest.

Málin sem hér eru til umfjöllunar eru umfangsmikil og því mikilvægt að nefndin hafi tækifæri til að ræða umsagnir sínar á fundi. Ef næsti fundur nefndarinnar er fyrr en áætlað var skv. starfsáætlun, gefst kostur á að ræða umsagnirnar og skila þeim vegna framangreindra erinda.

Lagt er til að 142. fundur svæðisskipulagsnefndar verði færður frá 5. desember næstkomandi til 28. nóvember næstkomandi.

Samþykkt

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður þann 28. nóvember 2025.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.